

169

17. nóv.

AUGLÝSING

um viðauka við gjaldskrá fyrir dómtúlkun og skjalapýðingar,
nr. 143 14. nóv. 1944.

Við gjaldskrána bætist ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:
Grunngjöld gjaldskrárinnar skulu breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á launum opinberra starfsmanna.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

170

27. nóv.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.7% af fasteignamatsverði hússins. Lágmarksskattur á íbúð skal þó vera kr. 100.00 á ári.

Sama gildir um önnur hús, er fá veitt vatni úr vatnsveitu bæjarins.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt 1. mgr. samkvæmt mæli með 50 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 1. mgr. segir, og skal vatnsveitan þá áætla aukavatnsskattinn eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnoktun hans verði mæld um eins mánaðar skeið eftir vali vatnsveitunnar, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

Árlegur vatnsskattur á vörubíl skal vera kr. 100.00 og á fólksbíl kr. 50.00.

3. gr.

Hafnarnefnd ákveður verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, en greiða skal hafnarsjóður fyrir vatnið eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Vatnsveitunni er heimilt eftir því, sem ástæður leyfa, og almenningsþörf krefur: að skammta vatn, einnig til almenningsþarfa, þegar ónógt vatn er fyrir hendi,